



Róma

Etnísk skilgreining og sköpun

Silja Lind Haraldsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Róma

Etnísk skilgreining og sköpun

Silja Lind Haraldsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði
Leiðbeinandi: Marco Solimene og Unnur Dís Skaptadóttir

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Silja Lind Haraldsdóttir 2012

Reykjavík, Ísland 2012

Útdráttur

Viðfangsefni ritgerðarinnar er eftirfarandi rannsóknarspurning: *Hvernig er Róma etnernið skilgreint; hvernig er það skapað og hvernig er því viðhaldið af fræðimönnum og pólitískum samtökum?*

Ritgerðin mun skiptast í fjóra hluta, fyrsti hluti mun fara yfir fræðilega umræðu um hugakið etnerni (*ethnicity*), hugmyndir um eðli þess og tilgang. Stuðst verður helst við kenningar mannfræðinganna Thomas Hylland Eriksen og Fredrik Barth. Annar hluti mun fjalla um þá þrjá þætti sem fræðimenn nefna iðulega sem sköpunarþætti etnernis, *menningu*, *uppruna* og *tungumál*. Þriðji hluti mun fjalla um Róma hópinn, hverjir eru álitnir Róma og hvernig Róma etnernið er skapað. Róma etnernið er umdeilanlegt af ýmsum ástæðum en einna helst vegna fjölbreytileika hópsins en áður nefndir þrír þættir eru jafnframt taldir vera grundvöllur Róma hópsins. Byggt verður einna helst á verkum David Mayall, Judith Okely, Aspasia Theodosiou og fleiri. Fjórði hluti mun þá fjalla um hvernig *Alþjóðlegu Róma Samtökin (International Romani Union)* skilgreina Róma. Stuðst verður við stefnuskrá samtakanna og hún greind með tilliti til þáttanna þriggja, menningar, uppruna og tungumáls. Af þeirri umfjöllun má sjá að pólitísk samtök endurskapa Róma etnernið út frá viðhorfum utanaðkomandi aðila til þess að bæta félagslegar aðstæður þeirra sem skilgreindir eru sem Róma.

Efnisyfirlit

Inngangur	5
1 Etnerni (<i>ethnicity</i>)	7
2 Hvað skapar etnerni?	9
2.1 Menning.....	11
2.2 Uppruni.....	12
2.3 Tungumál.....	13
2.4 Samantekt	14
3 Róma.....	15
3.1 Menning Róma	17
3.2 Uppruni Róma	18
3.3 Tungumál Róma	20
3.4 Samantekt	20
4 <i>Róma</i> á grundvelli Róma	23
Lokaorð	28

Inngangur

Markmið ritgerðarinnar er að leitast við að svara spurningunni hvernig Róma etnarnið er skilgreint; hvernig það er skapað og ennfremur hvernig því er viðhaldið af fræðimönnum og pólitískum samtökum.

Í fyrsta kafla verður fjallað um helstu hugmyndir sem liggja að baki hugtakinu *etnarni* (*ethnicity*), þá einna helst út frá kenningum Thomas Hylland Eriksen og Fredrik Barth, en Barth er meðal þeirra sem hefur lagt fram grundvallar hugmyndir um hugtakið, skilgreiningu þess og gagnsemi. Hugtakið verður skoðað í sögulegu samhengi, hvernig það er skilgreint og skapað en einnig af hverju mikilvægt er að skilgreina einstaklinga í etnarni. Hugmyndir Edward Said um *orientalisma* verða að auki hafðar til hliðsjónar. Í öðrum kafla verður sköpun etnarnis rædd. Ólíkir þættir eru taldir skapa etníska hópa en þrír þættir eru þó taldir af ýmsum fræðimönnum vera helstu sköpunarþættir etnarnis. Þættirnir eru; *menning*, *uppruni* og *tungumál* og verða þeir rauði þráður ritgerðinnar. Í þriðja kafla verður Róma etnarnið sjálft skoðað og rætt hvort hægt sé að tala um eiginlegt *Róma etnarni*, en deilt er um það hvort hægt sé að tala um Róma hóp sem slíkan. Þá verða þættir sem eru taldir skapa hið eiginlega Róma etnarni skoðaðir. Áðurnefndir þrír þættir; *menning*, *uppruni* og *tungumál* eru þá gjarnan sagðir skapa Róma hópinn. Í umfjölluninni um Róma verður meðal annars stuðst við David Mayall, Judith Okely, Aspasia Theodosiou sem og fleiri fræðimenn sem rannsakað hafa Róma hópa. Í fjórða og lokakafla ritgerðarinnar verður kafað dýpra í framsetningu Róma etnarnisins út frá *Alþjóðlegu Róma Samtökunum (International Romani Union)*, sem eru fjölmennustu og útbreiddustu Róma samtökin. Fjallað verður einnig um bága stöðu Róma og hvernig pólitísk samtök reyna að bæta stöðu þeirra með því að stuðla að aukinni pólitískri þátttöku. Þó umræðan um stöðu Róma sé töluvert umfangsmeiri en hér verður gert grein fyrir, þá er mikilvægt að ræða stöðu þeirra þar sem hún er bein afleiðing þess hvernig skilgreiningum Róma er hátttað. Auk þess verður umfjöllun Róma samtakanna *European Roma Grassroots Organisations (ERGO)* og *European Roma Information Office (ERIO)* skoðuð sem og skrif fræðimannsins Martin Kovats.

Helstu niðurstöður ritgerðarinnar eru þær að Róma etnarnið er samfélagslega skapað og líkt og Barth og Eriksen segja þá myndast etnarni í samskiptum milli ólíkra hópa. Einstaklingar samsama sig með einum hóp en ekki öðrum því þeir telja sig eiga ákveðna þætti sameiginlega með honum. Hvaða þættir það eru sem sameina hópinn getur þó verið mismunandi milli hópa, hvort sem það eru hugmyndir um sameiginlega menningu, sameiginlegan uppruna eða sameiginlegt tungumál þá er það hópurinn sjálfur sem ákveður

hvaða þættir skipta hann máli. Mikið er deilt um Róma etnarnið, tilvist þess og réttmæti og má rekja ástæðuna til fjölbreytileika hópsis. En þó eru ákveðnir þættir álitnir skapa Róma etnarnið. Indverskur uppruni er gjarnan sagður hornsteinn þess meðan aðrir telja tungumál eða menningarlega þætti líkt og lifnaðarhætti, siði og venjur skapa Róma etnarnið, en efast er þó um raunverulegt réttmæti slíkra þátta. Viðhorf og skoðanir Róma hópsins sjálfs eru að mörgu leyti óheyrðar. En með tilkomu ýmissa pólitískra samtaka líkt Alþjóðlegu Róma Samtakanna, ERGO, ERIO og fleiri hefur verið reynt að bæta félagslega stöðu þeirra og réttinda þeirra leitað með viðurkenningu á Róma etnarninu.

1 Etnerni (*ethnicity*)

Hugtakið „etnarni“ hefur verið viðfangsefni mannfræðinga frá því á sjötta áratug síðustu aldar og er það meðal algengustu hugtaka sem lýsa hópum samfélaga. Etnarni lýsir sambandi ólíkra hópa og afmarkast ekki af samabandi við ríki, líkt og þjóðerni, heldur af sambandi sínu við aðra etniska hópa. Etnískur hópur er yfirleitt í stöðu minnihlutahóps en það er þó ekki skilyrði þeirra (Eriksen, 1994:5,10). Mannfræðingurinn Thomas Hylland Eriksen (1994) segir merkingu hugtaksins oft á tíðum vera óljósa en hann telur að etnarni verði til og öðlist mikilvægi í félagslegum samskiptum einstaklinga og hópa (1-3). Etnarni byggir þá á þeirri forsendu að hópar líta á sig sem menningarlega frábrugðna öðrum hópum sem þeir eiga í samskiptum við (16). Notkun hugtaksins fer gjarnan saman við tvö önnur hugtök, en það eru „kynþáttur“ og „þjóðerni“. Merkingar hugtakanna þriggja eru ólíkar en skörun þeirra er mikil og er því rétt að útskýra þau frekar. Hugtakið „þjóðerni“ lýsir hópi fólks sem grundvallast af sambandi sínu við ríki og eiga pólitísk mörk þjóðar að fara saman við menningarleg mörk hennar (10). Sem dæmi um þjóðerni má nefna Íslendinga eða Þjóðverja en sem dæmi um etniskan hóp má nefna Sama í Noregi eða Tútsí í Rúanda. Etnarni er iðulega notað í stað kynþátts en hugtakið „kynþáttur“ vísar til skiptingar mannkyns í þrjá (eða fleiri) flokka samkvæmt líffræðilegum eiginleikum. Rekja má hugtakið til fyrri hluta 20. aldarinnar en þá voru einstaklingar flokkaðir eftir útliti og gjarnan eftir litarhætti í „hvíta“, „gula“ og „svarta“. Slíkar flokkanir eiga sér þó ekki raunverulegan grundvöll vegna gífurlegs erfðafræðilegs breytileika og er gjarnan bent á að meiri mun má finna *innan* sérstaks „kynþátts“ en *milli* þeirra (6). Notkun hugtaksins „kynþáttur“ hefur því breyst verulega þar sem slík líffræðileg flokkun er í raun og veru ómöguleg og því hafa margir notað etnarni sem staðgengil þess (99). Hugmyndir um etnarni fengu aukið pólitískt vægi eftir seinni heimsstyrjöldina og fram á 21. öldina og leiddu breyttar samfélagslegar aðstæður víðsvegar um heiminn til aukinnar áherslu á skilgreiningar í etnarni (1-3). Upphaf hugtaksins má hins vegar rekja til bandaríska félagsfræðingsins David Riesman sem setti það fyrstur fram árið 1953. En þó hugmyndin um etnarni sé eldri þá öðlaðist það ekki þá merkingu, og skipaði sér ekki þann sess sem það hefur í dag, fyrir en á sjötta áratugnum (4).

Etnarni skilgreinir á milli einstaklinga. Við skilgreinum okkur með ákveðnum hópi einstaklinga gegnt öðrum hópi sem myndar þá samband á milli „okkar“ og „þeirra“ (*us and them*). Ef ekki er gerð slík skilgreining er engin forsenda fyrir etnarni (Eriksen, 1994:23). Hvernig við skilgreinum hverjir tilheyra ákveðnum hóp, og hverjir öðrum, þjónar þá ákveðnum tilgangi því slíkt ferli stuðlar að myndun sjálfsmýnda okkar, sem og annarra.

Hugmyndin um að hafa sjálfsmynd (*identity*) snýst um eitthvert ákjósanlegt markmið, það er að segja að það að hafa sjálfsmynd er álitid jákvætt og æskilegt (Theodosiou, 2011:89).

Mannfræðingurinn Aspasia Theodosiou (2011) segir það tilheingingu manna að líta á sjálfsmyndir og sköpun þeirra sem algilda flokka og eitthvað sem einstaklingar og hópar búa til og hafa. Umræðan um sjálfsmyndir gerir ennfremur oft ráð fyrir því að allir séu jafnir hvað varðar stöðu til sjálfsmyndar, það er að segja að allir hafi eða búi yfir sjálfsmynd sem er ávallt sýnileg öðrum. Í stuttu máli sagt; allir „eiga“ sjálfsmynd sem er viðurkennd af utanaðkomandi aðilum (90-92). Líkt og Eriksen segir þá myndast sjálfsmynd etnísks hóps ávallt út frá öðrum einstaklingum (1994:14). En það geta þó ekki allir verið sýnilegir öðrum á þann hátt sem þeir vilja (Theodosiou, 2011:98). Þar af leiðandi eru ekki allir jafnir þegar kemur að myndun sjálfsmyndar. Minnihluta- og jaðarhópar samfélaga eru gott dæmi um ójöfnuð til sýnileika sjálfsmyndar. Lægra settir hópar eru ekki eins sýnilegir innan samfélaga, rödd þeirra heyrir síður þegar kemur að þátttöku í samfélagslegum málum og búa þeir iðulega við verri skilyrði en ráðandi hópar þess. Skilgreiningar í „við“ og „þau“ má finna innan allra samfélaga en með hvaða hætti slíkar skilgreiningar eru gerðar er mismunandi eftir samfélögum (Eriksen, 1994:110). Við skilgreinum hverjir eru „hinir“ og hvers vegna þeir eru frábrugðnir „okkur“. Þannig sköpum við „aðra“ en á sama tíma sköpum við okkur sjálf.

Edward Said (1978) setti fram hugmyndina um *orientalisma* sem lýsir vel hugmyndinni um „okkur og hina“. Said sagði að slík skipting væri ákveðið valdasamband milli hópa og ennfremur að það væri samband milli vestrænna hópa og annarra hópa. Samband vestrænna hópa sagði hann ávallt endurspeglast af yferráðum þeirra yfir „hinum“, sem væru þá hinir framandi (*the oriental*). Sambandið sagði hann þó ekki vera náttúrulega staðreynd sem væri ávallt til staðar (3-4). Hugmynd Said um *orientalisma* eða um sköpun „hinna framandi“ einkennist af því hver staða vestrænna hópa er gagnvart öðrum og hvernig þeir hafa öðlast forræði yfir öðrum hópum. Vesturlönd skilgreina hópa sem framandi og skipa þá skör lægra út frá sínum sjónarmiðum. Því fjarlægari sem einstaklingar eða hópar verða fyrir Vesturlandabúa, því auðveldara er að réttlæta slæma stöðu þeirra innan samfélaga. Með því að skilgreina hverjir aðrir eru, erum við um leið að skilgreina okkur sjálf og stöðu okkar til etnarnis. Þar af leiðandi segja slíkar skilgreiningar meira um okkur sjálf en þá sem við erum að skilgreina (12), sem verður ennfremur einn sköpunarþáttur etnarnis. Við slíkar skilgreiningar beitum við einföldum útskýringum við sköpun á „hinum“ til þess að einfalda hinn félagslega heim sem við búum í og verða þá til staðalímyndir um þá sem við skilgreinum. Staðalímyndir eru einfaldaðar og yfirleitt neikvæðar útskýringar um aðra hópa eða einstaklinga. En þær eru mikilvægar að því leyti að þær staðsetja mörk hópa, hvar einn

hópur endar og annar byrjar. Vegna slíkrar einföldunar birta staðalímyndir okkur bjagaða mynd af raunveruleikanum, þær eru yfirleitt niðrandi og skapa neikvæðar hugmyndir um einstaklinga og hópa. Staðalímyndir samfélagsins réttlæta útskýringar okkar á því af hverju við tilheyrum einum hóp en ekki öðrum og í flestum tilfellum ýta þær undir yfirburði eigin hóps og geta þannig verið notaðar til að réttlæta kerfisbundið óréttlæti í aðgengi að auðlindum samfélagsins (Eriksen, 1994:30-31).

Óljóst er enn hvað nákvæmlega myndar etnískan hóp, það er að segja á hvaða grundvelli við skilgreinum okkur með einum hóp í andstöðu við annan. Því verður næst skoðað nánar hvað skapar etnarni. Skilgreining etnarnis verður að byggja á ákveðnum þáttum en hvaða þættir það eru og af hverju ákveðnir þættir skapa etnarni en aðrir ekki er mikilvægt að skoða til þess að skilja fyrirbærið sjálft betur.

2 Hvað skapar etnarni?

Ýmsir þættir eru sagðir einkenna etníska hópa, en þeir sem hér verða skoðaðir eru; *menning*, *uppruni* og *tungumál*. Þó etnískar skilgreiningar séu fjölbreyttar, og misjafnt á hvaða þáttum hópar byggja etnarni sitt, þá hafa margir fræðimenn lagt áherslu á að menning, uppruni og tungumál séu meðal helstu sköpunarþátta þess.

Etnarni verður til, líkt og áður kom fram, í samskiptum einstaklinga og hópa. En þó etnarni sé skapað og þó það séu einstaklingarnir sjálfir sem skapa það, þá getum við ekki sagt að allt varðandi etnarni sé einhverskonar tilbúningur. Mannfræðingurinn Manning Nash (1996) hefur sagt að þar sem hópa er að finna, eru mörk og þar sem mörk er að finna eru kerfisbundnar leiðir til að viðhalda þeim mörkum. Mörkin eru svo einkenni menningarlegra mismunar og skilgreiningar hópsins um hverjir tilheyra honum og hverjir ekki (24). Þá er það gjarnan talið mikilvægt að einstaklingar hópsins séu meðvitaðir um og virkir við myndun afmörkunar hópsins. Einstaklingar verða að vera meðvitaðir um að þeir tilheyri etnískum hóp til að stuðla að áframhaldandi tilvist hans (Mayall, 2004:223).

Menningar og samfélög voru áður fyrir álitnar einangraðar og einsleitar einingar sem hægt var að rannsaka hverja fyrir sig án þess að skoða heildarmyndina eða samhengi og samspil ólíkra þátta. (Eriksen, 1994:13). Sérkenni menninga voru talin hafa haldist vegna landafræðilegra og samfélagslegrar einangrunar. Þannig voru hópar samfélaga ekki álitnir hafa átt í samskiptum við aðra hópa, sem leiddi til þess að menning hvers hóps var álitin sérstök. En staðreyndin er önnur, hópar hafa ávallt verið í samskiptum við aðra hópa og

þannig skilgreint sig í sambandi við aðra. Etnerni byggir því ekki, líkt og áður var álitid á því að að hópar hafi verið einangraðir frá hver öðrum. Með samskiptum við einstaklinga sem við álitum frábrugðna okkur sjálfum viðhöldum við ákveðnum þáttum sem einkenna hópinn og þannig viðhelst menningarlegur fjölbreytileiki (Barth, 1969:9-10). En menningarlegur munur á milli hópa skilgreinir þá þó ekki sem etníska hópa (Eriksen, 1994:16).

Mannfræðingurinn Fredrik Barth (1969) er einn af helstu fræðimönnum sem skrifað hafa um etnarni, en hann segir að innan mannfræðinnar séu fjögur atriði almennt talin einkenna etníska hópa. Þeir eru í fyrsta lagi sagðir líffræðilega sjálfviðhaldnir, í öðru lagi eru þeir taldir deila sömu menningarlegu gildunum, í þriðja lagi eru þeir sagðir eiga í samskiptum að einhverju leyti og í fjórða lagi eru þeir sagðir skilgreina sig sjálfa og eru skilgreindir af öðrum sem sérstakur hópur. En Barth segir að skilgreining sem þessi, á því hvað einkennir etníska hóp, komi í veg fyrir að við skiljum etníska hópa til fullnustu (10-11). Ofangreind atriði gefa til kynna að auðvelt sé að skilgreina etníska hópa og takmarka þau ennfremur þættina sem við notum til að skilgreina etnarni (12). Raunveruleikinn er hins vegar annar, hvernig við skilgreinum einstaklinga í etnarni er flókið ferli og byggir sú flokkun á ólíkum þáttum sem verða ræddir hér á eftir.

Ennfremur telur David Mayall (2004) að etnarni byggi á sambandi margra þátta en ekki á aðeins einu atriði, líkt og uppruna eða tungumáli. Hópur er skilgreindur út frá þeim þáttum sem hann álitur sjálfur vera mikilvæga, skilgreining hans getur einnig verið á grundvelli húðlitar, fæðingarstaðar eða trúarlegra skoðana, eða allra þessara þátta saman. En skilgreiningarnar breytast með tímanum og eru ólíkar frá einu samfélagi til annars. Málið vandast þó því einróma samþykki er yfirleitt ekki um það hvernig skilgreiningar samfélagsins eru settar fram (223-224).

Michael Moerman ályktaði, í rannsókn sinni á etnarni Lue fólksins í Taílandi, að þar sem þættir sem eru jafnan taldir skapa etnarni líkt og tungumál, menning eða pólitískar stofnanir fylgjast ekki að er ekki hægt að segja þá vera sérstaka sköpunarþætti etnarnis. Etnískir hópar deila gjarnan sama tungumálinu með öðrum hópum og hafa jafnvel svipaða menningarlega þætti og aðrir, og þar af leiðandi getum við ekki skilgreint etníska hópa út frá slíkum þáttum (Eriksen, 1994:15).

Margir fræðimenn hafa þá álitid gagnsemi (*utility*) vera það sem viðheldur etnarni (Eriksen, 1994:89). Það er að einstaklingarnir sjálfir hafa eitthvert gagn af því að skilgreina sig sem etníska hóp. Gagnsemin getur þá, í þessu samhengi, verið að öðlast réttindi og betri stöðu innan samfélagsins. Til að etnarni skipti einstakling máli verður það að veita honum eitthvað sem hann eða hún álitur vera mikilvægt (1994:39). Gayatra Chakravorty Spivak

(1987) hefur sett fram hugtakið „stefnumiðuð eðlishyggja“ (*strategic essentialism*) sem vísar til þess þegar hópar beita sameiginlegu einkenni eða sjálfsmynd til þess að bæta stöðu sína innan samfélagsins (Spivak, 1987). Hún telur að einstaklingar skilgreini sig meðvitað til að ná fram ákveðnum markmiðum, líkt og aðgengi að auðlindum samfélagsins, réttindum innan þess og pólitískum kjörum. En þó hefur verið sýnt fram á það að etnískir hópar eiga það til að endurskapa og viðhalda einkenni sínu eða sjálfsmynd, jafnvel þó það dragi úr réttindum þeirra eða möguleikum til að viðhalda góðri félagslegri stöðu eða pólitískum völdum (Eriksen, 1994:89).

Vert er því að athuga hvað í raun og veru liggur að baki etnískri skilgreiningu og hvort merking þeirra sé dýpri en þeir þættir sem fræðimenn tala iðulega um. Hér á eftir verða því þrír þættir skoðaðir sem margir fræðimenn segja vera forsendu etnískra hópa, það er að segja; *menning, uppruni og tungumál*. Þá eru þeir þættir enn fremur skoðaðar hér þar sem síðari umræða um Róma hópinn byggir á þeim, en þeir eru einnig sagðir vera helstu sköpunarþættir Róma etnarnisins. Margir gætu þá gagnrýnt skiptingu þáttanna þriggja svo skilgreinilega og talið tungumál og uppruna vera hluta af menningu en vegna þess hvernig Róma etnarnið er skilgreint verða þættirnir þrír þó hafðir aðskildir í umræðunni hér að neðan.

2.1 Menning

Menning er flókið hugtak og hefur verið mannfræðingum sérlega hugleikið. Hvað felst í hugtakinu, hvernig eigi að skilgreina það og beita því eru atriði sem verður að hafa í huga að þegar hugtakið er sett fram. Vegna mikillar notkunar hugtaksins er merking þess álitin svo almenn að ekki þurfi að útskýra hana frekar. En merking þess er hins vegar ekki eins skýr og ætla mátti (Moore og Sanders, 2006:5). Peter Metcalf (2005) segir menningu vera alla þá þætti sem við lærum sem börn. Slíkir þættir geta verið allt frá borðsiðum til trúarbragða. Hugtakið, samkvæmt þeirri skilgreiningu, nær því yfir gífurlega marga þætti í okkar daglega lífi (2). Þó skilgreiningar hugtaksins séu margvíslegar þá verður ekki farið nánar út í þær hér, heldur verður stuðst við áður nefnda skilgreiningu Metcalf.

Eins og nefnt hefur verið voru menningar álitnar sem einangraðar einingar með einsleita hópa og því er menning iðulega talin ein helsta forsendan fyrir etnískum hóp. Hópur sem býr við sömu menningarlegu þættina, hefðir og siði er þá álitin mynda etniskan hóp. En Eriksen (1994) segir erfitt að réttlæta það að menning sé forsenda fyrir myndun etnísks hóps þegar menningarlegan mismun má finna *innan* sama etníska hópsins (40). Barth (1969) segir einnig að etniskur hópur sem býr á dreifðu svæði, við ólíkar aðstæður, sýna mun sín á milli.

Slíkur munur gefur þó ekki forsendu fyrir því að aðgreina hópinn frekar (12-14). Hver fjölbreytileiki sem finna má innan hóps leiðir ekki til skiptingar hópsins í aðra smærri etníska hópa. Barth segir því mikilvægt að skoða mörkin sem skapa etnernið en ekki menningarlegu þættina sem etnernið „inniheldur“ (15-16). Þó einstaklingar innan hópsins sýni ólíka hegðun, hafi ólíkar trúarlegar skoðanir eða búi við ólík búsetuskilyrði þá tilheyra þeir enn sama etnerninu. Þar af leiðandi geta einstaklingar verið bændur, borgarbúar eða flökkufólk en samt sem áður tilheyrt sama etníska hópnum (26). Ef menning er álitin meginþáttur þess sem skapar etnerni fer skilgreiningin, á hverjir tilheyra hópnum, eftir því að þeir sýni sérstaka eiginleika þeirrar menningar (12). Ef einstaklingur sýnir ekki sömu menningarlegu einkennin og aðrir meðlimir hópsins er hann ekki talinn meðlimur hans (37). Sambandið milli etnískra hópa og menningarlegra einkenna, hvort sem einkennin eru lík eða ólík, er þess vegna ekki einfalt. Eiginleikar sem teknir eru til greina eru þeir sem einstaklingarnir sjálfir álíta mikilvæga. Sumir menningarlegir eiginleikar eru notaðir af meðlimum hópsins sem merki um sameiningu þeirra meðan aðrir eiginleikar, sem sýna mismun þeirra, eru hunsaðir. Þannig geta ólík trúarbrögð verið iðkuð innan sama etníska hópsins en etnerni hans samt viðhaldist þar sem trúarbrögð eru ekki álitin vera sköpunarþáttur hans. Það er því aldrei hægt að segja til um hvaða einkenni munu skipta ákveðinn hóp máli, hvað mun einkenna hann og hvað mun aðgreina hann frá öðrum. Ákveðnir þættir geta verið mikilvægir fyrir ákveðinn etnískan hóp en skipta annan hóp litlu sem engu máli (Eriksen, 1994:89). Menningarlegur mismunur verður aðeins mikilvægur í félagslegum samskiptum, og af því að einstaklingar álíta hann mikilvægan (69).

2.2 Uppruni

Etnískir hópar byggja tilvist sína einnig oft á *uppruna* en þá hugmynd er ennfremur hægt að hrekja líkt og hugmyndina um sameiginlega menningu. Uppruna rekja einstaklingar gjarnan til landsvæðis eða sameiginlegs forföðurs. (Hutchinson og Smith, 1996:7). Uppruni skiptir einstaklinga miklu máli því það hvaðan við komum er stór þáttur í að mynda hver við erum. Þar af leiðandi spilar uppruni þátt í því að mynda sjálfsmynd einstaklinga og hópa. En áhersla á uppruna endurspeglar einnig mikilvægi hugmynda okkar um þjóðir, þjóðernishyggju og þjóðerni og þá sér í lagi að allir einstaklingar eigi sér heimaland (Mayall, 2004:11). Þó má segja það vera sérstaklega vestræna áherslu. Benedict Anderson (1983) sagði fyrir rúmum 30 árum að þjóð væri lögmætasta form einstaklinga okkar tíma (3). Þjóðríki eru enn í dag sterkur þáttur í mótun sjálfsmyndar okkar. Samkvæmt Anderson geta allir og *ættu* (áherslu bætt við)

að „hafa“ þjóðerni líkt og hver og einn „hefur“ kyn. Anderson telur að skilgreining þjóðar sé sú að hún sé ímyndað pólitískt samfélag (*imagined political community*) og segir hann ástæðuna fyrir því vera að meðlimir þjóðar munu aldrei hitta eða komast í kynni við flesta aðra meðlimi hennar (5-6). Samkennd þjóðar eða sú hugmynd að einstaklingar innan hennar tengist órjúfanlegum böndum og að það samband sé náttúrulegt er því gagnrýnisverð. En líkt og þjóðerni er etnarni einnig mótnarþáttur sjálfsmyndar einstaklinga. En hugmyndin um sameiginlegan uppruna er í sjálfu sér mjög óskýr. Ef einstaklingar byggja etnarni sitt á því að eiga sameiginlegan forföður með öðrum meðlimum hópsins mætti spyrja hversu langt aftur einstaklingur þurfi að leita til að finna sameiginlegan forföður. Slík skilgreining getur farið eftir ýmsu og verið mjög snúin. En Eriksen (1994) segir svarið vera bundið við það félagslega samhengi sem við erum stödd í (82). Það er að segja við veljum og höfnum hvað skiptir máli eftir þeim aðstæðum sem við erum í. Ef það hentar okkur að rekja uppruna okkar til sameiginlegs forföður með ákveðnum hóp, verður það grundvöllur tilvistar okkar. En fyrir suma er uppruni staðreynd sem hægt er að sanna með blóðtengslum en fyrir aðra er „staðreyndin“ minna mikilvæg en trúin á sameiginlegan uppruna, það er að ef fólk trúir því að það eigi sameiginlegan uppruna af einhverjum ástæðum, hvort sem það er vegna útlitslegra þátta, sameiginlegrar menningar eða sögulegrar reynslu þá er það fullnægjandi ástæða fyrir tilvist etnarnisins. Uppruni snýst þannig fremur um trú fólks á að þau eigi sameiginlegan uppruna vegna ákveðinna ástæðna, fremur en að einhver formfastur grundvöllur liggi því að baki (Mayall, 2004:224-225).

2.3 Tungumál

Þriðji þátturinn sem er gjarnan sagður mynda etniskan hóp er sameiginlegt *tungumál*, þannig er hópur sem talar sama tungumálið sagður vera etniskur. Heimspekingurinn Johan Gottfried Herder taldi hlutverk móðurmálsins vera veigamikil og að það væri jafnvel helsta forsenda þjóðernis. Tungumálið taldi hann lykilinn að sjálfskilningi mannsins og að tilfinningalíf hans væri ennfremur fólgið í tungumálinu (Guðmundur Hálfánarson, 2001:19). Svo djúpstæð áhrif hafði tungumálið í huga Herders. En er slíkt atriði, líkt og sameiginlegt tungumál, nógu sterkt til að sameina og viðhalda sambandi ólíkra einstaklinga? Etinne Balibar (1991) segir að tvær leiðir séu farnar til að skapa etnarni á þann hátt að það virðist vera náttúruleg afurð en ekki sá tilbúningur sem það er, en það er annars vegar með *kynþátt* (*race*) og hins vegar með *tungumáli* (96). Líkt og nefnt var í upphafi ritgerðar þá er forsendan fyrir skilgreiningu einstaklinga í kynþætti ekki sterk. Merking hugtaksins hefur breyst og vísar það

í dag fremur til félagslegrar skilgreiningar en raunverulegra líffræðilegra eiginleika einstaklinga og er það því félagslega skapað (Eriksen, 1994:6). En Balibar sagði að þessir tveir þættir, kynþáttur og tungumál, ynnu saman og ýttu undir þá hugmynd að ákveðinn hópur væri sjálfstæð og náttúruleg eining (Balibar, 1991:96). Hópur sem samanstóð af sama kynþættinum og sama tungumálinu var álitinn óbreytanleg náttúruleg afurð samfélagsins. Slíkt er þó fjarri raunveruleikanum þar sem félagsleg fyrirbæri eru samfélagslega sköpuð en ekki náttúrulega sjálfsprottnir. Tungumál getur verið einn þáttur sem skapar etnískan hóp. Sem dæmi má nefna eru Gyðingar, en þeir eru viðurkenndur etniskur hópur og er tungumál þeirra, hebreska, þáttur í myndun hans, þó margir aðrir þættir spili einnig inn í myndun hópsins (Nash, 1996:26). Hugmyndin um að tungumál sameini hóp er rótgróin. Tungumál einstaklinga er helsta samskiptaform okkar því með tungumálinu eigum við í samskiptum við aðra og í því liggur grundvöllur að skilningi. En fleira þarf til en tungumálið eitt og sér til að mynda etnískan hóp.

2.4 Samantekt

Af umræðunni að ofan má sjá að sköpun etnískra hópa er fjölbreytt því breytilegt er hvaða þættir mynda etnískan hóp og eru etniskir hópar á engan hátt fastur þáttur í tilveru okkar. Sagan sýnir okkur að hópar sem voru til áður eru ekki til í dag, form þeirra er því síbreytilegt og óstöðugt (Nash, 1996:25). Fjölbreytileiki mun finnast innan sama etníska hópsins, sumir einstaklingar sýna mörg einkenni hópsins meðan aðrir sýna færri einkenni (Barth, 1969:29). Það breytir þó ekki þeirra staðreynd að hópurinn sameinast af ákveðnum ástæðum og verður tilvist hans því lögmæt. Áhugavert er þá að skoða hóp sem skilgreindur er etniskur hópur en grundvöllur skilgreiningarinnar er mikið deiluefni meðal manna og sköpunarþættir þess einnig. Nú verður vikið að etniskri skilgreiningu Róma hópsins. Reynt verður að gera grein fyrir sögulegum bakgrunni hópsins, hvaða þættir eru taldir skapa hann og á hvaða forsendum einstaklingar hans sameinast. Þar á eftir verður staða staða hópsins skoðuð á grundvelli etnískrar skilgreiningar.

3 Róma

„*Their greatest achievement is to have survived at all*“

Angus Fraser (1992:1)

Fyrsta hugsun þegar hugtakið *Róma* er sett fram er jafnan; hverjir eru Róma? Slík spurning felur í sér mörg ólík svör því hópurinn gengur undir ýmsum heitum. Algengt er að fólk tali um Sígauna (*Gypsy*) þegar talað er um Róma (*Roma, Rom, Romany*) meðan aðrir tala um Flökkufólk (*Traveller*). Nöfnin eru ýmist rituð með stórum staf eða litlum og má segja að heiti hópsins lýsi vel þeim vandkvæðum sem fylgja skilgreiningunni í sameinaðan etniskan hóp. Félagsfræðingarnir John Hutchinson og Anthony D. Smith (1996) hafa bent á að sameiginlegt heiti, sem lýsir eiginleikum hóps er eitt atriði sem yfirleitt einkennir etniskan hóp (Hutchinson og Smith, 1996:6). Róma heitið er þá sagt vera pólitískt rétttheiti hópsins (Sonneman, 1999:136). Orðið *Róma* má rekja til *romanes*, heiti tungumálsins sem er yfirleitt tengt hópum innan Austur-Evrópu en þar búa flestir þeir hópar sem tala tungumálið (Kovats, 2001:113). En til að auka á flókið viðfangsefni, þá viðurkenna ekki allir hópar, sem gætu talist Róma, heitið. Sumir hópar ganga undir öðrum nöfnum líkt og Kalé, Sinti og Manuš. Sinti hópurinn í Þýskalandi vill til að mynda aðeins gangast við Sinti heitinu til að aðskilja sig frá Róma hópum í Austur-Evrópu (Sonneman, 1999:136). Þó myndu margir utan Sinti hópsins skilgreina hann sem Róma. Sígauna heitið ber í dag með sér niðrandi merkingu, en uppruna þess má rekja til þess að hópurinn var sagður koma frá Egyptalandi og heitið stytt í *Gyp* eða *Gypsy* (Fraser, 1992:2; Okely, 1983:1). Róma heitið var því tekið upp í kringum 1990 vegna gildishlaðinnar merkingar Sígauna heitisins. Sumir vilja þó enn, fremur skilgreina sig sem Sígauna heldur en Róma vegna sögulegrar- og menningarlegrar notkunar hugtaksins. Þeir sem neita að gangast við Róma heitinu segja ástæðuna vera að Róma heitið hefur enga raunverulega merkingu fyrir þá og telja það vera uppfinningu fræðimanna sem þurftu nýtt heiti yfir fjölbreyttan hópinn (Olomoofe, 2007:13; Theodosiou, 2011:92). Það er því mismunandi hvaða heiti eru notuð eftir því hver á í hlut. Mismunandi hugtökum er ennfremur beitt án frekari útskýringar um hvað felist í þeim (Mayall, 2004:8). Róma heitið er í auknum mæli notað í akademískri og pólitískri umræðu um samfélög sem bæði söguleg og í dag eru þekkt af mörgum ólíkum nöfnum (Kovats, 2001:113; Liégeois, 1994:37). Róma er því notað yfir gífurlega fjölbreyttan hóp einstaklinga (Kovats, 2001:97). Hér er því átt við hóp hópa sem

heita mörgum ólíkum nöfnum en af einhverjum ástæðum eru flokkaðir af utanaðkomandi aðilum sem einn hópur, undir heitinu *Róma*.

En hversu stór er hópurinn og hvar býr hann? Raunverulega stærð Róma hópsins er nánast ómögulegt að gera grein fyrir. Ólíkar heimildir telja hópin, sem býr einna helst innan Evrópu, vera frá 8 milljónum upp í 12 milljónir. Þá er hópurinn talinn stærsti minnihlutahópur Evrópu (Bacliya, Brezovsek og Hacek, 2008:230; Kovats, 2001:94; Evrópusambandið, 2010:8). Tölfræðilegar upplýsingar um Róma eru verulega óáreiðanlegar og spilar skilgreining Róma stóran þátt í því að erfitt er að áætla nákvæman fjölda þeirra (Cahn, 2007:6; Crowe, 1995). Ákveðnir hópar skilgreina sig ekki sem Róma meðan að utanaðkomandi aðilar telja þá vera Róma, líkt og dæmið um Sinti hópin bendir til. Vandamál skilgreiningar einstaklinga í Róma má rekja til þess að í raun er ekkert eitt atriði sem skilgreinir hópin sem kallaður er Róma. Hópurinn býr á dreifðu svæði, í ólíkum löndum, undir ólíkum yfirvöldum og við misjafnar samfélagslegar aðstæður. Sumir hópar eru aðlagðir að meirihlutasamfélaginu meðan aðrir eru verulega einangraðir frá því. Þá eru Róma hópar einnig gífurlega ólíkir þó þeir búi innan sama ríkisins. Fjölbreytileiki þeirra endurspeglar ólíka sögulega reynslu þeirra og það ólíka umhverfi sem þeir búa í (Kovats, 2001:97). Með tilliti til ofangreindra þátta kemur ekki á óvart að menn deila mikið um skilgreiningu Róma.

En tilvist Róma er raunveruleg, þó forsendur hópsins séu óskýrar. Adrian Marsh (2007) líkir skilgreiningu Róma við fegurð en skilgreining fegurðar er ávallt í augum sjáandans. Hið sama segir hann eiga við um skilgreiningu Róma, hvernig Róma eru skilgreindir fer eftir því hver skilgreinir þá (17). Ef einstaklingar innan hópsins sameinast ekki af ástæðum sem þeir sjálfir ákvarða mætti velja því fyrir sér hvort skilgreining Róma hópsins sé aðeins í höndum utanaðkomandi aðila, þeim sem ekki kalla sig eða eru kallaðir af öðrum, Róma. Líkt og Eriksen (1994) bendir á þá myndast sjálfsmynd etnísks hóps ávallt út frá öðrum einstaklingum og í samskiptum þeirra við aðra hópa (14). Róma etnernið er því ef til vill að stórum hluta skapað af viðhorfi utanaðkomandi einstaklinga. En getum við þá svarað spurningunni; *hverjir eru Róma?* Skilgreiningin, á því hverjir eru Róma og hverjir ekki, skiptir miklu máli fyrir stöðu einstaklinga í mismunandi samfélögum. En skilgreining einstaklinganna sjálfra er engu að síður mikilvæg. David Mayall (2004) segir ferli skilgreininga, flokkunar og framsetningar vera kjarna samskipta milli meiri- og minnihlutahópa samfélaga (18).

Stöðu Róma hópsins getum við einnig skoðað út frá áðurnefndum hugmyndum Said (1978) um „hið framandi“ (*the oriental*) og hvernig samband ólíkra hópa er skilgreint út frá

skilgreiningum í „við“ og „þau“ (12). Róma hópurinn er oftast en ekki á skjön við meirihlutasamfélagið. Vegna slæmrar stöðu og ólíkra þátta er hópurinn skilgreindur sem „hinir“ og þannig gerður framandi frá öðrum íbúum samfélagsins. En slíkar skilgreiningar skipta máli bæði fyrir myndun sjálfsmyndar einstaklinga sem og fyrir stöðu þeirra innan samfélagsins. Það hvernig við flokkum og setjum fram hópa samfélagsins hefur töluverð áhrif á samskipti hópa, ójöfnuð þeirra og lagaleg og borgaraleg réttindi (Mayall, 2004:12-13). Said taldi þó að sköpun „hinna“ fæli frekar í sér útskýringu á þeim sem skapa „hina“ en hinum eiginlegu „hinum“. Meirihluti upplýsinga um Róma hafa verið gerðar af þeim sem eru ekki Róma (Eriksen, 1994:166). Því má ekki draga úr hlutverki utanaðkomandi aðila í því að skapa og skilgreina Róma etnarnið sem, eins og áður segir, virðist vera óleysanleg deila meðal manna (Mayall, 2004:236).

Í byrjun annars kafla var farið yfir þrjá þætti sem eru meðal helstu þátta sem skapa etnarni, það er að segja uppruni, menning og tungumál. Rætt var hlutverk hvers og eins þeirra, gildi þeirra en einnig vandkvæði. Dregið var þá ályktun að enginn einn þáttur skapar eða viðheldur etnarni en samspil þeirra, og jafnvel fleiri þátta, myndar etnískan hóp. Umræðan um Róma hefur leitt í ljós að fjölbreytileiki hópsins er mikill og erfitt er að henda reiður á því hverjir eru Róma og hverjir ekki. En á grundvelli ákveðinna þátta er hópurinn skilgreindur sem etniskur hópur. Hér á eftir verða því þættirnir þrír, uppruni, menning og tungumál, skoðaðir með tilliti til Róma hópsins og reynt að varpa ljósi á það hvort þeir stuðli að sköpun og viðhaldi Róma sem etnísks hóps.

3.1 Menning Róma

Ýmsar hugmyndir eru um menningu Róma hópsins, margar þeirra byggja þó á einfölduðum og fordómafullum staðhæfingum. Litið er á Róma hópinn sem einangraðan hóp sem býr allur við sömu aðstæðurnar, sömu menninguna, sömu hefðirnar og sömu siðina (Okely, 1983:28). Algengar staðalímyndir um menningarlega þætti Róma eru til að mynda að Róma einstaklingar lifi flökkulífi (*nomadism*), ferðist um á hestvögnum, klæðist litríkum fötum og spái í spil (Sonneman, 1999:128). Bent hefur verið á að slíkar hugmyndir beri með sér „rómantiseringu“ um einstaklinga hópsins og sýni ekki raunverulega hópinn (Olomoofe, 2007:10; Sonneman, 1999:120). Umræðan um einangraðan hóp gefur hugmyndinni um sjálfstæða menningu byr undir báða vængi. En hverskyns einangrun hópsins er varla líkleg. Róma hópurinn hefur aðeins, líkt og aðrir hópar, lifað í samhengi við stærra hagkerfi og samfélag (Okely, 1983:29-30). Ofangreindar staðalímyndir mætti telja jákvæðar en algengari

eru þó neikvæðar staðalímyndir. Róma eru jafnan sögð vera upp til hópa þjófar eða glæpamenn og jafnvel barnaræningjar (Liégeois, 1994:36; Sonneman, 1999:12; Human Rights First, 2008:2). En líkt og Said (1978) hefur bent á þá segja staðalímyndir meira um þá sem hafa þær en þá sem þær eiga við um (12). Þannig segja staðalímyndir um Róma hópinn meira um einstaklinga utan hópsins en um hópinn sjálfan.

Menning Róma er iðulega notuð sem grundvöllur Róma etnarnisins. Eriksen (1994) og Barth (1969) eru á sama máli um þátt menningu fyrir etniska sköpun, það er að segja, að menning geti ekki verið forsenda fyrir etniskum hóp þar sem menningarlegur munur finnst innan hvers hóps. Róma hópinn er fjölbreyttur hópinn, á dreifðu svæði sem vissulega sýnir menningarlegan mun sín á milli. Líkt og áður kom fram má finna mikinn mun á meðal Róma hópa innan sama samfélagsins og skilgreina þeir sig jafnvel í andstöðu við aðra Róma hópa (Baclija o.fl. 2008:240; Solimene, 2011:245). Til að mynda má sjá mun á lífsháttum þeirra, en sumir Róma hópar lifa flökkulífi meðan aðrir hafa fasta búsetu (Liégeois, 1994: 38-39; Solimene, 2011:640; Stewart, 1997:13).

En samkvæmt Eriksen og Barth getum við engu að síður skilgreint hann sem etniskan þar sem menning ein og sér er ekki forsendan fyrir sköpun etnarnis. Viðhorf til hópsins og rótgrónar staðalímyndir ýta undir þær hugmyndir að einstaklingar innan hópsins verði að sýna ákveðin menningarleg einkenni til að teljast meðlimir hans. Ef raunveruleikinn passar ekki við ímyndina sem dregin er upp af Róma hópnum eru einstaklingar ekki álitnir Róma (Olomoofe, 2007:11). Þá gildir það sama um einstaklinga sem eru *ekki* Róma en sýna þó ákveðin einkenni hópsins. Fátækt og slæm félagsleg staða einkennir marga Róma einstaklinga og þannig eru einstaklingar sem búa í mikilli fátækt jafnan stimplaðir sem Róma (Ladányi og Szelényi, 2001:82). Áhersla á sameiginleg einkenni og tregða til að viðurkenna mismun og fjölbreytileika innan hópsins segir David Mayall (2004) vera sérstaklega áberandi þegar sjálfsmynd hóps hefur verið ákveðin eða sköpuð af utanaðkomandi aðilum (226). Því um leið og við, sem stöndum utan hópsins, viðurkennum að staðalímyndir okkar passa ekki við raunveruleikann verða skilgreiningar okkar úreltar og flækjast málin þá enn frekar um það hverjir tilheyra hópnum.

3.2 Uppruni Róma

Margir segja uppruna vera hornstein Róma etnarnisins og helsta sköpunarþátt þess. Á 19. öldinni kom fram hugmyndin um indverskan uppruna Róma. Ýmsir fræðimenn töldu Róma hópinn hafa verið í Indlandi fyrir hundruðum ára þar til dularfullur atburður leiddi til þess að

hópurinn varð að yfirgefa heimaland sitt. Eftir það eru þeir sagðir hafa „blandast“ í samskiptum við aðra. Af þeim sökum eru siðir sem eru framandi fyrir þá sem eru ekki Róma útskýrðir með tilliti til goðsagnakennds lífs þeirra í Indlandi (Okely, 1983:10; Kovats, 2001:100). Hugmyndin um indverskan uppruna hefur því viðhaldist og tala menn gjarnan enn um einn fæðingarstað hinna „sönnu“ Róma. Þversagnarkennt er hins vegar að litlar sannanir eru fyrir því að einstaklingar hópsins hafi sjálfir talað um indverskan uppruna þar til utanaðkomandi aðilar og sérstaklega fræðimenn hófu slíka umræðu. Mannfræðingurinn Judith Okely (1983) segir að í dag byggir indverskur uppruni á því að hversu miklu leyti einstaklingar eða hópar eru gerðir framandi eða viðurkenndir innan samfélagsins (3). Það er að segja, ef einstaklingar eru framandi fyrir þá sem standa utan hópsins, eru þeir álitnir Róma. Hugmyndin um indverskan uppruna passar þá vel við hugmynd Said (1978) um „öðrun“, það er þegar hópar eru gerðir framandi til að útskýra stöðu þeirra í samfélaginu. Því fjarlægari sem hópar eru fyrir aðra einstaklinga samfélagsins því auðveldara er að réttlæta slæma stöðu þeirra. Með tengingu við Indland eru Róma fjarlægir vestrænum hópum og þar af leiðandi verður auðveldara að réttlæta slæma félagslega stöðu þeirra í vestrænum samfélögum.

Ef Róma etnarnið byggir á uppruna, eru einstaklingar hópsins og Róma hópar skilgreindir út frá því að hve miklu leyti þeir tengjast upprunastaðnum Indlandi. Slíkt getur verið dæmt út frá útliti, klæðaburði eða öðrum svipuðum þáttum. Það fer ennfremur eftir hentugleika samhengisins, ef það hentar að rekja uppruna til Indlands er ýtt undir þætti í menningu þeirra sem tengjast Indlandi. Framandi uppruni verður þá viðmið fyrir það hverjir tilheyra hópnum og hverjir ekki (Okely, 1983:11-12). Það er þó að lokum hópurinn sjálfur sem þarf að skilgreina uppruna sinn. Ekki er nóg að utanaðkomandi aðilar tali um indverskan uppruna Róma ef hópurinn sjálfur rekur uppruna sinni ekki til Indlands. Við veljum og höfnum meðvitað og ómeðvitað hvaða þættir skilgreina okkur. Ef Róma sjálfir skilgreina ekki indverskan uppruna sinn er hann ekki nægileg forsenda etnarnisins. Áhersla annarra á framandleika Róma virðir að vettugi viðhorf hópsins sjálfs og hugmyndir hans um uppruna (13).

Það má því aftur álíta það svo að viðhorf þeirra sem eru ekki Róma hafa mest um skilgreiningu Róma hópsins, og stöðu hans byggða á uppruna, að segja. Hugmyndir um uppruna endurspeгла, líkt og áður sagði, mikilvægi hugmynda okkar um heimaland og að allir einstaklingar eigi sér stað sem rekja má uppruna þeirra til (Mayall, 2004:11). Það er þó atriði sem Róma hópurinn býr ekki yfir (Stewart, 1997:13). Hópurinn býr á dreifðu svæði, víðs vegar um Evrópu. Meirihluti hópsins býr í Austur-Evpópu en hópurinn á sér þó ekki eiginlegt heimaland (Human Rights First, 2008:4, Stewart, 1997:13). Indverskur uppruni skiptir marga

Róma þá jafnan ekki máli en þeir leggja áherslu á hann og nota hann til að öðlast viðurkenningu á etnískri stöðu sinni og þar af leiðandi einnig til að bæta félagslega stöðu sína. Þannig má segja að með viðurkenndri stöðu sem etniskur hópur öðlast hópurinn réttindi innan samfélagsins.

3.3 Tungumál Róma

Nátengt umræðunni um uppruna er tungumál sem sköpunarþáttur etnarnis. Indverska forn málið, *romanes* er þá notað sem sköpunarþáttur Róma etnarnisins. Ýmsir fræðimenn hafa talið tungumálið mega rekja til Indlands, sem ýtir enn frekar undir hugmyndina um sameiginlegan uppruna Róma hópsins í Indlandi. En þó er vert að athuga að aðeins um 2,5 milljónir einstaklinga tala málið af þeim 8 til 12 milljónum Róma sem eru taldir vera innan Evrópu og sá fjöldi hefur enn fremur um það bil 50-100 ólíkar mállýskur (Kovats, 2001:97). Einstaklingar Róma hópsins búa því yfir gífurlega fjölbreyttum tungumálum. Sumir telja að þeir sem noti eða hafi flest *romani* orð eigi helst rætur að rekja til Indlands og séu þannig „alvöru“ Róma (Okely, 1983:8). En þrátt fyrir að mismunandi hópar Róma búi að sama tungumálinu þá skilgreina þeir sig einnig frá öðrum hópum og oft í andstöðu við aðra (Sonneman, 1999:121, Liégeois, 1994:49). Ákveðnir hópar nota þá jafnan mállýskur sínar til að skilgreina einkenni hópsins. Einstaklingar innan Róma hóps í Ungverjalandi segja margir að það sem einkenni Róma sé tungumálið. Ef einstaklingur geti talað mállýsku hópsins er hann, að þeirra mati, sannur Róma (Stewart, 1997:202). Dæmi er einnig um að *romanes* tungumálið sé svo ólíkt milli tveggja hópa að þeir eiga fremur samskipti á þriðja tungumálinu. Bosníu Róma og Rúmenskir Róma sem búa á Ítalíu tala frekar ítölsku sín á milli heldur en *romenes* (Solimene, 2011:646), svo ólíkt er málið á milli hópanna tveggja en gífurlegur munur er á milli ólíkra mállýska. Dæmið undirstrikar enn frekar hvernig tungumálinu er beitt af Róma hópum til að aðskilja sig frekar frá öðrum Róma hópum, sem sýnir enn og aftur hinn mikla fjölbreytileika sem hópurinn býr yfir.

3.4 Samantekt

Þættirnir þrír, menning, uppruni og tungumál, sem eru taldir helstu sköpunarþættir etnískra hópa virðast ekki fullnægja skilgreiningu einstaklinga í Róma etnarni. Róma hópurinn býr ekki að sameiginlegri menningu, sameiginlegum uppruna eða sameiginlegu tungumáli. Skilgreiningin á því hvaða þættir skapa etníska hópa er þar af leiðandi ekki svo klippt og skorin. Judith Okely (1983) segir að Róma etnarnið sé hvorki hlutlaust né tilviljanakennt,

heldur segir hún það byggja á samhangandi kerfi sem er viðhaldið með daglegum athöfnum sem síðan endurspeгла og styrkja mörkin milli Róma og annarra. Trú og táknfræðilegar hugmyndir ættu ekki að vera útskýrðar sem dæmi um hlutlausa endurspeglun á hugmyndafræði ráðandi samfélagsins. Það fer fram kerfisbundið val og höfnun. Eriksen (1994) segir einnig að við getum aldrei sagt til um það fyrirfram hvaða þættir munu stuðla að myndun etnísks hóps (26). Ólíkir þættir mynda mismunandi hópa. En líkt og Barth (1969) benti á þá þurfa ekki allir einstaklingar hópsins að sýna einkenni hans. Einstaklingar sem mynda etnískan hóp munu án efa vera ólíkir innbyggðis. Okely (1983) dregur í efa þá skilyrðislausu ályktun að Róma hópurinn þurfi að byggja etníska tilvist sína á grundvelli um framandi uppruna eða framandi menningu. Sjálfsákvörðunarréttur etnísks hóps telur hún, ekki eiga að byggja á slíkum rómantískum hugmyndum (13).

En einhver grundvöllur verður að vera fyrir sameiningu einstaklinga í tiltekinn hóp. Ef tungumál, uppruni eða menning sameinar ekki Róma hópin má spyrja hvað er það í raun og veru sem viðheldur tilvist hans? Áðurnefndar hugmyndir Benedict Anderson (1983) um tilbúið samfélag (*imagined community*) gætu gagnast við að svara þeirri spurningu en þó Anderson hafi verið að vísa til þjóðernis í hugmyndum sínum þá má yfirfæra skilgreiningu hans á etnarni. Anderson sagði að einstaklingar þjóðar myndu aldrei komast í kynni við alla meðlimi hennar en samt sem áður viðhéldist samheldni þeirra og órjúfanleg tengsl með því að skilgreina sig sem hluta þjóða (6). Hið sama má segja um einstaklinga etnískra hópa, þeir munu aldrei komast í kynni við alla aðra meðlimi hópsins. En engu að síður viðhaldast etnískir hópar og samkennd innan þeirra. Martin Kovats (2003) segir Róma hópin í raun vera tilbúið samfélag, þar sem hópurinn býr ekki að sameiginlegu tungumáli, menningu, trú, sögu eða sjálfsmýnd. Jafnvel innan landa segir hann Róma hópa ekki starfa sem sameinað samfélag (4). Því hefur þannig verið haldið fram að viðhald Róma etnarnisins í Evrópu megi vera álitid menningarlegt og táknrænt fyrirbæri fremur en sem einhverskonar leið til valda. Róma samfélög eru sögð hafa önnur gildi og markmið en ráðandi hópar samfélaga og þar af leiðandi er engin eiginleg samkeppni milli hópanna (Eriksen, 1994:89). Eriksen (1994) segir að etnísk sjálfsmýnd verður mikilvæg fyrir einstaklinga um leið og hún er í hættu eða vegið er að henni. Þá höfum við einnig séð að etnarni er einnig notað sem táknrænt verkfæri í pólitískum átökum (89).

Rétt eins og Spivak (1987) hefur bent á, og komið var inn á í fyrsta kafla, þá beita hópar jafnan sameiginlegu einkenni eða sjálfsmýnd til að bæta félagslega stöðu sína. Ýmsir fræðimenn hafa sett fram þá hugmynd að það sem sameini etnískan hóp sé ójöfn staða hans innan samfélagsins (Spivak, 1978; Eriksen, 1994; Barth, 1969). Þá mætti spyrja hvort slæm

félagsleg staða sé forsendan fyrir Róma etnerninu. Ennfremur hvort Róma etnerninu sé beitt af hópum samfélaga til að öðlast betri stöðu. Gæti verið að tilvist Róma hópsins byggji á gagnsemi etnískrar skilgreiningar?

Hér á eftir verður kafað dýpra í framsetningu Róma etnernesins og þá sérstaklega út frá Alþjóðlegu Róma Samtökunum (*International Romani Union*), hér eftir nefnd I.R.U. Samtökin eru útbreiddustu samtök Róma og segja þau sig vera fulltrúa allra Róma einstaklinga. En á hvaða grundvelli skilgreina þau Róma? Telja samtökin, líkt og margir utanaðkomandi aðilar að fyrirnefndu þættirnir, menning, uppruni og tungumál skapi Róma? Eða búa ef til vill aðrar ástæður að baki Róma etnerninu? Þeim spurningum verður reynt að svara í næsta kafla. Rétt er þó að ræða einnig stöðu Róma hópsins. Því þó slík umræða sé vel efni í annað og umfangsmeira verk þá er nauðsynlegt að koma inn á hana hér þar sem staða hópsins er bein afleiðing þess hvernig skilgreiningu Róma er háttað. Fyrst verður staða Róma í Evrópu rædd og þar á eftir verða samtökin I.R.U. skoðuð og stefnuskrá þeirra, með tilliti til Róma etnernesins.

4 *Róma á grundvelli Róma*

Rætt hefur verið um þann mikla fjölbreytileika sem finna má innan Róma hópsins, erfiðleika þess að skilgreina etnernið; hverjir tilheyra því og hverjir ekki, sem og erfiðleikana við að ákvarða fjölda þeirra. En þær milljónir Róma sem áætlað er að séu innan Evrópu hafa lengi staðið frammi fyrir ýmsum samfélagslegum, efnahagslegum og pólitískum erfiðleikum. Sú misjafna staða sem hópurinn býr við hefur komið í veg fyrir að einstaklingar innan hópsins samlagist þeim samfélögum sem þeir búa í (ERIO, 2007:1). Ástæðuna má rekja til stigvaxandi fordóma gagnvart hópnum og árangurslausra aðgerða alþjóðlegra stofnanna og ríkisvalda til að bæta stöðu þeirra innan Evrópu. En til að skilja skilgreiningu á hugtakinu Róma þurfum við að gera okkur grein fyrir raunverulegri stöðu Róma hópsins innan ólíkra samfélaga. En líkt og áður kom fram er slík umræða verulega umfangsmikil og því verður aðeins stiklað á stóru hér að neðan til að veita lesendum örlitla innsýn í raunverulegar aðstæður Róma einstaklinga.

Hversdagslegt líf Róma er markað af aðskilnaði og mismunun. Þau eru álitin samfélagslegt vandamál sem þarf að aðlaga að ríkjandi hópum samfélaga. Róma hópurinn þarf að lifa við slæmar aðstæður og aðskilnað frá heildinni. Þeim er jafnan neitað um aðgang að heilbrigðisþjónustu og því er lífsaldur hópsins mun lægri en annarra hópa. Milljónir Róma neyðast til þess að búa í fátækrahverfum, með litla von um bjartari framtíð eða betri aðstæður (Alþjóðlegu Róma samtökin, e.d.-b). Margir Róma einstaklingar innan Vestur Evrópu búa í aðskildum hverfum, sem yfirvöld hafa sérstaklega byggt og eru staðsett fjarri öðrum íbúum samfélagsins. Í Mið og Suð-Austur Evrópu búa einnig margir Róma í einangruðum hverfum utan borgarmarka en aðeins fámennur hópur Róma býr innan ráðandi hópa samfélaga (Evrópusambandið, 2010:9; Sigona og Monasta, 2006:10). Með því að aðskilja einstaklinga í bókstaflegri merkingu, líkt og sum ríki hafa gert, er neikvæðum viðhorfum til hópsins viðhaldið og enn frekar slæmri félagslegri stöðu hans.

Börnum Róma er jafnan neitað um skólavist eða eru aðskilin frá öðrum börnum innan skóla og sett í svokallaða, „sérstaka skóla“ (sem eru þá fyrir börn sem eiga við námsörðugleika að stríða). Þúsundir barna hafa ennfremur verið tekin frá foreldrum sínum og af heimilum sínum og færð til ættleiðingar. Atvinnuleysistíðni Róma er um 80% og sumsstaðar í Evrópu jafnvel hærri. Í stað þess að finna ástæður eða leita lausna á flóttu Róma frá samfélagslegum aðstæðum sínum, fást alþjóðlegar stofnanir nú við aukinn fjölda flóttamanna víðsvegar um heiminn. Þá eru tilraunir Róma til að flýja óréttlátar aðstæður sínar túlkaðar sem félagsleg hegðun. Það er að segja að Róma einstaklingar flytjist á milli staða því

það er hluti af menningu þeirra en ekki vegna þess að þau reyni að öðlast betra líf (Alþjóðlegu Róma samtökin, e.d.-b).

Einstaklingar víðs vegar um Mið-Evrópu vilja síður skilgreina sig sem Róma og eru ástæður þess ýmsar en megin ástæðuna má þó segja vera vegna fordóma sem fylgja því að vera álitin Róma (Kovats, 2001:97). Róma hópurinn ræður litlu um það hvernig hann birtist öðrum en staðalímyndir eru ein helsta ástæða þess að hópurinn er útilokaður frá samfélögum. Viðhorf til hans einkennist jafnan að því að Róma einstaklingar eru álitnir óvirkir samfélagsmeðlimir sem leggja lítið sem ekkert að mörkum fyrir uppbyggingu samfélagsins og eru þeir þá taldir ógn við stöðugleika þess (Bacliya o.fl. 2008:231). Vegna slíkra viðhorfa hefur hópurinn staðið utan við alla ákvarðanatöku sem og pólitíska þátttöku inna ólíkra samfélaga. Kovats (2003) segir að með því að nota fordóma og staðalímyndir er ýtt undir hverskyns mun á milli Róma hópsins og annarra hópa. Sá munur er síðan notaður til að útskýra fátækt og átök á milli hópa (1-2).

Samtök líkt og *European Grass Root Organization* (ERGO) vilja eyða slíkum neikvæðum viðhorfum til að stuðla að bættri stöðu Róma (2009:1). Samtökin vilja virkja pólitíska þátttöku Róma einstaklinga en slíkt telja þau að muni stuðla að bættu viðhorfi annarra til Róma. Með virkri þátttöku styrkist sjálfsmynd hópsins og þar af leiðandi aðild þeirra að samfélaginu (2009:3). Samtökin *European Roma Information Office* (ERIO) eru á sama máli og segja að ef staða Róma á að verða betri en hún er nú, verður að virkja þátttöku þeirra á pólitískum vettvangi. Skortur er á opnu og réttlátu umhverfi innan samfélaga sem ýtir undir virka þátttöku Róma á pólitískum vettvangi. Þá telja samtökin að pólitísk Róma samtök geti stuðlað að bættri ímynd Róma og þannig betri stöðu (2007:3).

ERIO og ERGO samtökin eru dæmi um pólitísk Róma samtök sem vinna að hagsmunum Róma hópsins en þá er rétt að líta á *Alþjóðlegu Róma Samtökin* sem eru útbreiddustu Róma samtökin og eiga stóran þátt í því að hvernig Róma skilgreiningum er háttað. *Alþjóðlegu Róma Samtökin* eða I.R.U. voru stofnuð á fyrsta Róma þinginu sem haldið var í London árið 1971. Aðildaríki samtakanna eru 31 talsins og nær starfsemi þeirra því yfir stórt svæði Evrópu. I.R.U. hafa þá verið viðurkennd af Sameinuðu Þjóðunum og frá árinu 1993 gegnt ráðgjafahlutverki fyrir Sameinuðu Þjóðirnar. Stefnuskrá I.R.U. var gerð á fyrsta Róma þinginu en sá þingfundur byggði einnig grunninn að öðrum Róma hreyfingum víðsvegar um heiminn sem hafa frá þeim tíma styrkst og dafnað. Yfirlýst markmið I.R.U. er að vera fulltrúi *allra* Róma í heiminum og að vinna að hagsmunum þeirra sem einnar heildar. Þá eiga samtökin við alla Róma hópa, hvort sem þeir kalla sig Sintí, Róma, Sígauna, Kederara, eða annað. I.R.U.samtökin líta á sjálfa sig sem eini lögmæti fulltrúi Róma hópsins í

Evrópu (Alþjóðlegu Róma samtökin, e.d.-b). Þar af leiðandi er áhugavert að skoða á hvaða grundvelli þau byggja skilgreiningu sína um Róma. En skilgreiningar á Róma telja I.R.U. ávallt hafa verið gerða af utanaðkomandi aðilum og því hefur ekki verið tekið mark á því hver þau segjast sjálf vera. Með því að styðja við og viðurkenna skilgreiningar fræðimanna og sérfræðinga er samkvæmt I.R.U. blygðunarlaust dregið úr sjálfsákvörðunarrétti Róma. Hver einstaklingur Róma, segja þau, eigi rétt á því að skilgreina sig sjálfur og sína sjálfsmynd og ennfremur að stunda sína menningarlegu siði, trú og hefðir. Örlög þeirra segja þau ákvörðuð af fræðimönnum sem hafa jafnframt skapað sjálfsmynd þeirra. Samtökin afneita því hverskyns framsetningu gerða af þriðja aðila líkt og sérfræðingum eða fræðimönnum. En Róma segja samtökin búa að sameiginlegu þjóðerni óháð ríkisborgararétt, ríki, hóp eða trú. Þau segja Róma búa í öllum ríkjum Evrópu og eru því án ríkis og án kröfu til ríkis og eru ennfremur ekki viðurkenndur minnihlutahópur innan þjóðríkis (Alþjóðlegu Róma samtökin, e.d.-a).

Til að skoða betur afstöðu og framsetningu I.R.U. á Róma etnurninu verður nú rýnt í stefnuskrá samtakanna og hún greind með tilliti til þáttanna sem fram hafa komið í fyrri köflum það er, menning, uppruni og tungumál. Á heimasíðu samtakanna segir; „Róma er, hver sá sem rekur uppruna sinn til Indó-Grískis uppruna, talar *romanes* tungumálið og býr að sömu menningarlegu arfleiddinni.“ Þættirnir þrír birtast okkur þá hér. Skilgreiningin á því hver er Róma samkvæmt I.R.U. byggir á menningu, uppruna og tungumáli. Í fyrstu grein stefnuskrárarinnar segir ennfremur; „Fyrir meira en sjö hundruð árum var fólk okkar í þrældómi í Indlandi og kjölfar uppgangs íslams trúar í landinu voru þau rekin til Evrópu...“ (Alþjóðlegu Róma samtökin, e.d.-a). Samtökin styðja því og stuðla að þeirri hugmynd að Róma hópurnir megi rekja uppruna sinn til Indlands.

Í 13. grein stefnuskrárarinnar kemur fram; „Tungumál okkar, *romanes* á vera jafnt við öll önnur evrópsk tungumál. Ríki sem og alþjóðlegar stofnanir eiga því að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að vernda *romanes* tungumálið sem lifandi evrópskt tungumál.“ Leiðir til þess, segja I.R.U., til að mynda vera með almennri viðurkenningu á *romanes* tungumálinu og með því að stuðla að notkun þess innan menntastofnanna (Alþjóðlegu Róma samtökin, e.d.-a). *Romanes* tungumálið er þannig þáttur sem skapar Róma einstakling. Áhugavert væri ennfremur að skoða hver af hinum fjölmörgu mállýskum væri álitin opinbert tungumál Róma. Af þessum atriðum má sjá að *Alþjóða Róma Samtökin* leggja áherslu á fyrrnefnda þrjá þætti, menningu, uppruna og tungumál við skilgreiningu á Róma hópnum, þrátt fyrir að raunverulegur grundvöllur þeirra er ekki sterkur.

Á heimasíðu samtakanna er jafnframt iðulega talað um Róma þjóð. Á þinginu var tekinn upp Róma þjóðsöngur, byggður á fornum texta rúmenskra Róma, og fána sem var táknmynd hins alþjóðlega Róma (Alþjóðlegu Róma samtökin, e.d.-c). Slíkir þættir stuðla ennfremur að því að Róma hópurinn er álitin ein heild þrátt fyrir fjölbreytileika hans. Róma sjálfir ýta þar af leiðandi undir sameiginlegan uppruna, menningu og tungumál.

En líkt og fram kom í þriðja kafla þá eru ýmsir þættir sem benda til þess að Róma hópurinn geti ekki verið álitinn ein heild. Erfitt er til að mynda að færa rök fyrir því að allir Róma einstaklingar geti eða vilji rekja uppruna sinn til Indlands. En indverskur uppruni er þá ekki álitinn hafa verið mikilvægur þáttur fyrir Róma etnarnið þar til utanaðkomandi aðilar ýttu undir þá hugmynd að Róma gætu átt uppruna sinn að rekja til Indlands við skilgreiningu sína á hópnum. Hópurinn býr einnig að gífulega fjölbreyttum menningarlegum þáttum, sumir hópar sína vissulega svipuð menningarleg einkenni en alls ekki allir. Tungumálið *romanes* er eins og áður segir, aðeins talað af fámenum hópi einstaklinga eða um 2,5 milljónum af 8-12 milljónum og þá aðalega aðeins af hópum innan Austur-Evrópu (Kovats, 2001:97).

Þá vaknar sú spurning, af hvaða ástæðu ætli I.R.U. tali um einn uppruna, sameiginlega menningu eða sameiginlegt tungumál, þegar raunveruleikinn er annar? Þrátt fyrir að samtökin gagnrýni einnig skilgreiningar fræðimanna þá leggja þau sjálf upp með skilgreiningar Róma út frá þeim þáttum sem fræðimennirnir og utanaðkomandi aðilar tala um. En líkt og umræðan að framan hefur sýnt fram á þá útskýra þessir þrjú þættir ekki nægilega vel tilvist Róma hópsins. Bendir þá framsetning I.R.U. á Róma etnarninu, til þess að etnískri sjálfsmynd hópsins er beitt til félagslegs, efnhagslegs og pólitísku ávinnings? Barth (1969) segir að skilgreina megi Róma hópinn sem svokallaðan úrhaks hóp (*pariah group*) en slíkir hópar eru álitnir lægst settu hópar samfélagsins og er mörkum þeirra viðhaldið af ráðandi hópum samfélaga. Vegna slæmrar stöðu neyðist úrhaks hópurinn að leita nýrra leiða til að bæta stöðu sína og losna undan fordómum, sem hann gerir jafnan með því að viðurkenna viðhorf og skoðanir ráðandi hópsins og skapar sér nýjan grundvöll út frá viðurkenningu annarra (30-31).

Óhætt er að halda því fram að staða Róma hópsins innan Evrópu er verulega slæm. Staðreyndin er sú að innan Evrópu er hópurinn sá hópur sem þarf að lúta hvað mestri mismunun. Meirihluti Róma hefur þurft að þola mikla mismunun sem sýnir sig til að mynda í háu atvinnuleysi og lágu menntunarstigi innan hópsins. Fordómar og neikvæðar staðalímyndir eru meðal þátta sem gera samlögun þeirra innan samfélaga erfiða (Göcken, 2007:1). Af ofangreindri umræðu mætti draga þá ályktun að sameiginlegri sjálfsmynd Róma sé beitt af ólíkum hópum til að bæta stöðu þeirra. Á grundvelli skilgreingarinnar sem Róma, reyna

einstaklingar að öðlast réttindi innan ólíkra samfélaga. Þannig gæti skilgreining Róma samtakanna I.R.U. þjónað þeim tilgangi að öðlast viðurkenningu á Róma sem fjölmennum etniskum minnihlutahóp sem býr í ólíkum löndum Evrópu við verulega slæm skilyrði. En þau geta einungis batnað ef utanaðkomandi aðilar viðurkenna hann. En til að aðrir viðurkenni hópinn verður skilgreining hans að byggja á þeim þáttum sem meirihlutinn viðurkennir, í þessu tilfalli eru það sameiginlegur uppruni, menning og tungumál. I.R.U. skilgreina því Róma sem sameiginlegan hóp því etniskrar skilgreiningar er krafist af utanaðkomandi aðilum. Segja má að samtökin skilgreini hverjir eru Róma á grundvelli annarra. Það er að segja að þar sem aðrir segja uppruna, menningarleg einkenni og tungumál skipta máli, segja samtökin Róma hópinn eiga uppruna í Indlandi, búa að sameiginlegri menningu og tala um sameiginlegt tungumál *romanes*. En eins og áður hefur verið rætt þá er sannleikurinn sá að ekki allir Róma rekja uppruna sinn til Indlands, hafa sömu menningarlegu einkennina eða tala *romanes*. Vegna slæmrar félagslegrar stöðu virðist I.R.U. skilgreina Róma út frá þeim þáttum sem utanaðkomandi aðilar viðurkenna með það að markmiði að hópurinn öðlist betri félagslegri stöðu.

Lokaorð

Hér hefur verið sýnt hvernig ákveðnir þættir eru notaðir til að skapa etnarni. Farið var yfir fræðilega umræðu um almenna notkun hugtaksins og skilgreiningu þess. Hugtaka skilgreiningar eru gífurlega mikilvægar til að beiting þeirra sé sem réttust og skilningur lesenda og höfundar á viðfangsefninu sé á sama grundvelli. Fredrik Barth og Thomas Hylland Eriksen ræða báðir vandkvæði þess að skilgreina hugtakið en misjafnt er hvaða þættir eru taldir skilgreina etníska hópa. Þættirnir þrír sem hér hafa verið til umræðu, menning, uppruni og tungumál, telja þó margir fræðimenn vera grundvöll skilgreiningar etnískra hópa og sér í lagi grundvöllur Róma etnarnisins. Farið var yfir eðli og tilgang þáttanna og ennfremur hvernig og af hverju þessir þættir eru sagðir mynda etnarni. Þó margt felist í þessum þremur þáttum í heild sinni og jafnvel erfitt að skilgreina hvern og einn þeirra, hafa þeir mikið vægi fyrir umræðuna um sköpun Róma.

Eins og fram kom er Róma etnarnið gífurlega margslungið. Hvernig einstaklingar hópsins eru skilgreindir og út frá hvaða þáttum er misjafnt og fer eftir því hver stendur að baki skilgreiningunni. Gífurlega fjölbreyttur hópur er skilgreindur sem Róma og dreifist hann víðs vegar um Evrópu. Þá voru þættirnir þrír, sem áður voru nefndir, tengdir við umræðuna um Róma etnarnið og rætt var hvort þeir stuðli að eða myndi Róma hópinn. Dregin var sú ályktun að ekki væri hægt að færa nægilegar röksemdir fyrir því að Róma hópurni búi að þáttunum þremur; sameiginlegri menningu, uppruna eða tungumáli.

Hins vegar telja *Alþjóðlegu Róma Samtökin* (I.R.U.), sem segja sig vera fulltrúa allra Róma, að óháð því hvað þeir kalli sig og hvar þeir búi, byggi Róma etnarnið á sameiginlegum uppruna, menningu og tungumáli. Það er hins vegar ólíkt því sem niðurstöður þriðja kafla sýndu. En af hvaða ástæðu ætli Róma sjálfir tali um einn uppruna, sameiginlega menningu eða sameiginlegt tungumál, þegar raunveruleikinn er annar? Höfum við fært sönnur fyrir því, líkt og margir fræðimenn hafa bent á að etniskri sjálfsmynd hópsins er beitt til félagslegs, efnhagslegs og pólitísku ávinnings? Svo tel ég vera. Staða Róma hópsins er verulega slæm víðs vegar um Evrópu og hafa einstaklingar hans þurft að þola gífurlega mismunun á mörgum sviðum samfélagsins. Til að bæta stöðu sína samþykkir hópurni viðhorf annarra og gengst við fordómafullum staðalímyndum sem aðrir hafa um hópinn til þess að öðlast viðurkennda stöðu sem etniskur hópur. Grundvöllur etnískrar skilgreiningar Róma byggir þar af leiðandi á því að einstaklingar Róma sameinist til að bæta stöðu sína innan samfélaga.

Skilgreiningin á því hverjir eru Róma og hvaða þættir mynda Róma etnarnið mun þó að öllum líkindum breytast í framtíðinni. Etnarni myndast í samskiptum einstaklinga sem eru

aldrei eins frá einum hópi til annars og því er etnísk sjálfsmynd hópa í sífelldri mótun. En þó við segjum að etnarni sé skapað fyrirbæri, þá erum við ekki að gera lítið úr tilvist þess. Öllu fremur erum við að öðlast skilning á fyrirbæri sem í hugum okkar virðist vera svo fastmótað og óbreytanlegt að það hefur áhrif á samskipti okkar við aðra einstaklinga, og er til að mynda grundvöllur fordóma og ójafnréttis ólíkra einstaklinga. En með bættum skilningi á að etnarni er breytilegt hugtak, skapað í samskiptum okkar við aðra og háð ytri aðstæðum, gerum við okkur betur grein fyrir því af hverju einstaklingar eru ólíkir. Sú vitneskja og viðhorf leiðir til umburðarlyndis og betri hæfni okkar til að eiga í samskiptum við aðra.

Heimildaskrá

- Anderson, B. (1983). *Imagined Communities: Reflections on the Origin and Spread of Nationalism* (3. útgáfa). London: Verso.
- Balibar, E. (1991). The Nation Form: History and Ideology. Í E. Balibar og I. Wallerstein (ritstj.), *Race, Nation, Class: Ambiguous Identities* (bls. 86-106). London: Verso.
- Baclija, I., Brezovsek, M., Hacek, M. (2008, apríl). Positive discrimination of the Roma minority: The case of Roma local councillors in Slovenia. *Ethnicities*, 8, 227-250. Sótt 5. október 2011 af <http://etn.sagepub.com/content/8/2/227.full.pdf+html>
- Barth, F. (1969). Introduction. Í F. Barth (ritstj.), *Ethnic Groups and Boundaries: The social organization of culture difference* (bls. 9-38). Oslo: Universitetsforlaget.
- Cahn, C. (2007). The Unseen Powers: Perception, Stigma and Roma Rights [rafræn útgáfa]. *Roma Rights*, 3, 3-8.
- Crowe, D. (1995). *History of the Gypsies of Eastern Europe and Russia*. New York: Saint Martin's Press.
- European Roma Grassroot Organisation (2009, janúar). ERGO's strategy on active citizenship through empowerment and grass roots mobilization. Sótt 5. apríl 2012 af <http://ergonetnetwork.org/ergo-network/documents-reports/>
- Eriksen, T.H. (1994). *Ethnicity and Nationalism: Anthropological Perspectives* (3. útgáfa). London: Pluto Press.
- European Roma Information Office (2007). Political Participation of Roma, Traveller and Sinti communities. Sótt af <http://erionet.org/site/Publications/Fact-Sheets/Political-Participation-of-Roma/>
- Fraser, A. (1992). *The Gypsies*. Oxford: Blackwell.
- Guðmundur Hálfðanarson (2001). Hvað er þjóð? *Íslenska þjóðríkið: uppruni og endimörk* (bls. 15-45). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og Reykjavíkur-akademían.
- Göcken, S. (2007). Pictures in Our Heads [rafræn útgáfa]. *Roma Rights*, 3, 1-2.
- Human Rights First (2008). *Violence against Roma: 2008 Hate Crime Survey*. www.humanrightsfirst.org
- International Romani Union. (e.d.-a). *ERTF Charter on the Rights of Roma*. Sótt 5. apríl 2012 af <http://www.internationalromaniunion.org/index.php/en/organization-status/ertf-charter-on-the-rights-of-the-roma>
- International Romani Union. (e.d.-b). *International Romani Union*. Sótt 5. apríl 2012

- af <http://www.internationalromaniunion.org/index.php/en/about-us>
- International Romani Union. (e.d.-c). The History of I.R.U. Sótt 5. apríl 2012 af <http://www.internationalromaniunion.org/index.php/en/istoric>
- Kovats, M. (2001). The emergence of European Roma policy. Í W. Guy (ritstj.), *Between Past and Future: the Roma of Central and Eastern Europe* (bls. 93-116). Hatfield: University of Hertfordshire Press.
- Kovats, M. (2003). The Politics of Roma identity: between nationalism and destitution. Sótt þann 29. september 2011 af http://www.opendemocracy.net/democracy-newright/article_1399.jsp
- Ladányi, J. og Szelényi, I. (2001). The social construction of Roma ethnicity in Bulgaria, Romania and Hungary during market transition. *Review of Sociology* 7, 79-89.
- Liégeois, J-P. (1994). *Roma, Gypsies, Travellers*. Strassborg: Evrópuráðið.
- Marsh, A. (2007). Research and the Many Representations of Romani Identity [rafræn útgáfa]. *Roma Rights*, 3, 9-15.
- Mayall, D. (2004). *Gypsy identities 1500-2000: From Egyptians and Moon-men to the ethnic Romany*. London: Routledge.
- Metcalf, P. (2005). *Anthropology: the basics* (2. útgáfa). London: Routledge.
- Moore, H.L. og Sanders, T. (2006). *Anthropology and Epistemology*. Í H.L. Moore og T. Sanders (ritstj.), *Anthropology in Theory: Issues in epistemology* (bls.1-21). Oxford: Blackwell.
- Nash, M. (1996). The Core Elements of Ethnicity. Í J. Hutchinson og A.D. Smith (ritstj.), *Ethnicity* (bls. 24-28). Oxford: Oxford University Press.
- Okely, J. (1983). *The Traveller-Gypsies*. Cambridge: University Press.
- Olomofoe, L. (2007). In the Eye of the Beholder: Contemporary Perceptions of Roma in Europe [rafræn útgáfa]. *Roma Rights*, 3, 17-30.
- Said, E. W. (1978). *Orientalism*. New York: Vintage Books.
- Sigona, N. og Monasta, L. (2006). *Imperfect Citizenship: Research into patterns of racial discrimination against Roma and Sinti on Italy*. www.osservazione.org
- Solimene, M. (2011). "These Romanians have ruined Italy". Xoraxané Romá, Romanian Roma and Rome. *Journal of Modern Italian Studies*, 16(5), 637-651.
- Sonneman, T. F. (1999), Dark Mysterious Wanderers: The Migrating Metaphor of the Gypsy. *The Journal of Popular Culture*, 32, 119–139. Sótt 30. desember 2011 af <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/j.0022-3840.1999.00119.x/pdf>

- Stewart, M. (1997). *The Time of the Gypsies*. Boulder: Westview Press.
- Theodosiou, A. (2011, júlí). Multiculturalism and the catachresis of otherness:
Settling Gypsies, unsettling Gypsy belongings. *Critique of Anthropology*, 31, 89-107.
Sótt 17. janúar 2012 af <http://coa.sagepub.com/content/31/2/89>
- Evrópusambandið (2010). *Improving the tools for the social inclusion and non-discrimination of Roma in the EU*. Lúxemborg: Útgáfustofa Evrópusambandsins.